

Sameiginlegkjörstjórn vegna kosninga um sameiningu Tálknafjarðarhrepps og Vesturbyggðar

31. ágúst 2023

Fundur hófst kl. 17:00 og slitið kl. 19:07

Mætt eru:

Hafdís Rut Rudolfsdóttir, Thelma Dögg Theodórsdóttir, Finnbjörn Bjarnason, Sigurvin Hreiðarsson, Edda Kristín Einarisdóttir, Eygló Hreiðarsdóttir, skrifstofustjóri, Ólafur Þór Ólafsson, sveitarstjóri, Þórdís Sif Sigurðardóttir, bæjarstjóri Vesturbyggðar sem jafnframt ritaði fundinn og Bryndís Gunnlaugsdóttir, ráðgjafi.

Dagskrá fundarins er eftirfarandi:

1. Ákvörðun um fyrirkomulag kosninga um sameiningu Tálknafjarðarhrepps og Vesturbyggðar

Ákveðið var að sameina lið 1 og lið 2 undir fundarlið 2.

2. Vinna við leiðbeiningar um kosningu sameiningar Tálknafjarðarhrepps og Vesturbyggðar

Umræður fóru fram um drög að leiðbeiningum um kosningarnar.

Ákveðið hefur verið að þau sem verða 16 ára á því tímabili sem kosningar fara fram hafi kosningarétt.

Ákveðið hefur verið að kosningar hefjist 9. október til og með 28. október. Kosningar frá fyrsta kjördegi 9. október til föstudagsins 27. október verður kosið á skrifstofum Tálknafjarðarhrepps og í Ráðhúsi Vesturbyggðar á opnunartíma skrifstofanna. Kosningar 28. október fara fram með hefðbundnum hætti á 4 kjörstöðum; Tálknafjarðarskóla, Félagsheimilinu Baldurshaga, Félagsheimili Patreksfirðinga og Félagsheimilinu Birkimel. Kjörstaðir 28. október verða opnar milli kl. 12:00 og 18:00.

Samþykkt er að boðið verði upp á færanlega kjörstaði fyrir þjónustuhópa, en á Bryndísi er falið að kanna endanlega útfærslu á færanlegum kjörstað hjá ráðuneytinu. Ákvörðun um útfærslu verður tekin á næsta fundi.

Sjái íbúi sér ekki fært að mæta á kjörstað á kjördögum er hægt að óska eftir því að greiða atkvæði sitt með póstkosningu. Slík beiðni skal berast í síma 450 2300 eða netfangið sameining@vesturbyggd.is fyrir íbúa Vesturbyggðar eða síma 450 2500 eða netfangið sameining@talknafjordur.is fyrir íbúa Tálknafjarðar.

Rætt var um að bæta gátlista yfir þau kjörgögn þurfa að vera til staðar á kjörstað við framlögð drög að leiðbeiningum.

3. Önnur mál

Ákveðið var að kanna fjölda kjörkassa fyrir næsta fund. Ef það vantar kjörkassa verði óskað eftir kjörkassa til landskjörstjórnar.

Ákveðið var að næsti fundur kjörstjórnar verði miðvikudaginn 6. september n.k. kl. 17:00.

Hafdís Rut Rudolfsdóttir

Thelma Dögg Theodórsdóttir

Finnbjörn Bjarnason

Edda Kristín Einarsdóttir

Sigurvin Hreiðarsson

Þórdís Sif Sigurðardóttir, bæjarstjóri

Eygló Hreiðarsdóttir, skrifstofustjóri

Ólafur Þór Ólafsson, sveitarstjóri

Bryndís Gunnlaugsdóttir, ráðgjafi